

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum, sbr. auglýsingu nr. 530/2002.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins með auglýsingu þessari er öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559, 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 2,23 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr./kWh. Alls 2,646 kr./kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,59 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr./kWh. Alls 1,877 kr./kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 2,04 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr./kWh. Alls 2,104 kr./kWh.

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,28 kr./kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr./kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr./kWh. Alls 1,723 kr./kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. febrúar 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.